

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Rotþróargjaldið má taka lög taki og má gera lög tak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur rotþróargjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs rotþróargjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 3. mars 2003, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2005.

Garðabæ, 16. mars 2005.

Guðjón Erling Friðrikson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Nemendum í 10. bekk grunnskóla skal gefast kostur á að þreyta samræmd próf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Þeir nemendur í 8. og 9. bekk, sem að mati skólastjóra og umsjónarkennara, hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í einstökum námsgreinum, geta, með samþykki forsjáraðila, valið að þreyta samræmd lokapróf í þeim námsgreinum.

Nemanda er heimilt að endurtaka samræmt lokapróf einu sinni. Velji nemandi að endurtaka próf skal síðari einkunnin gilda.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 11. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsóttir.

Guðmundur Árnason.